

Rýmingaráætlun, félagsheimilið Árskógur

Ábyrgðir:

- Skólastjóri/deildarstjóri sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvibúnað og útgönguleiðir.
- Öryggisfulltrúa og skólastjóra ber að sjá um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar.
- Umsjónarmaður félagsheimilis ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári.
- Skólastjóri sér um að haldin sé ein rýmingaræfing á hverju ári, þá sé rýmingaráætlun kynnt, yfirfarin og endurskoðuð eftir þörfum.
- Allir starfsmenn bera ábyrgð á að kynna sér rýmingaráætlun félagsheimilis og taka virkan þátt í æfingum.
- Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Kennari ber ábyrgð á þeim hópi sem hann er að kenna þar til komið er á söfnunarsvæði á leiksvæði norðan félagsheimilis.
- Deildarstjóri og umsjónarkennarar eða staðgenglar þeirra skulu merkja við nöfn barna þegar komið er út.
- Skólastjóri/staðgengill skal vera á svæðinu þegar slökkvilið kemur til að að upplýsa hvort rýmingu sé lokið og hvar eldur kom upp.
- Skólastjóri/staðgengill sér til þess að hringt sé í alla foreldra til að láta vita um stöðuna.
- Ef starfsmaður hefur tök á, að ná í teppi eða annað til að láta börnin sitja á í köldum veðrum.

MUNIÐ: Bjarga - Kalla á hjálp - Slökkva

Rýmingaráætlun, félagsheimilið Árskógur

Fari brunaviðvörðunarkerfi af stað skal unnið eftir svohljóðandi ferli:

1. Skólastjóri/staðgengill/starfsmaður sem er næst töflu í anddyri fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, stöðvar hljóðgjafa og kannar hvaðan brunaboðið kemur.
2. Ef um hættuástand er að ræða eru hljóðgjafar aftur gangsettir og húsið rýmt. Ef um falsboð er að ræða er það skráð í þjónustubók.
3. Ef vart verður við reyk eða eld undirbýr starfsmaður þann hóp sem hann ber ábyrgð á fyrir útgöngu.
4. Fara skal með nemendur að næsta færa útgangi, mynda röð, ganga úr skugga um að útgönguleiðin/flóttaleiðin sé fær og skulu nemendur yfirgefa húsið í skipulegri röð og ganga til leiksvæðis norðan hússins. Þar skulu þeir bíða nafnakalls.

Um leið og starfsfólk og nemendur eru öruggir skal hringja í Neyðarlínuna 1-1-2 og tilkynna atvikið.

5. Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og að koma nemendum á söfnunarsvæði og hafa meðferðis nemendalista.
6. Ef starfsmaður er í húsi sem ekki hefur umsjón með nemendahópi þá aðstoðar hann aðra starfsmenn og tryggir eins og mögulegt er að öll rými séu mannlaus og lokar þeim til að hefta útbreiðslu elds.
7. Þegar komið er út á söfnunarsvæði er mjög mikilvægt að nemendur standi, helst í stafrófsröð, hjá sínum umsjónarkennara/hópstjóra sem kannar með mætingarlista hvort allir séu komnir út. Kennarinn kemur síðan upplýsingum um stöðuna til skólastjóra/staðgengils.
8. Þegar björgunaraðilar koma á staðinn gefur skólastjóri/deildarstjóri varðstjóra upplýsingar um stöðuna.
9. Þegar tryggt þykir að hver hópur sé fullskipaður má hann ganga inn í skóla í skjól.

Rýmingaráætlun, félagsheimilið Árskógur

Söfnunarsvæði. Ef húsið er yfirgefið skal hittast á grasflöt norðan félagsheimilis og vestan við skóla. Þaðan er farið í skólann á bókasafnið þegar búið er að yfirfara mætingarlista og tryggja að allir séu komnir út.

Ekki má tefja björgunarstarf vegna björgunar á hlutum eða með því að freista þess að klæða börnin í, t.d. skófatnað.

Munið:

Ung börn hafa tilhneigingu til að fela sig við aðstæður sem þessar og því þarf að leita gaumgæfilega að þeim á öllum hugsanlegum stöðum, s.s. í skotum og undir hlutum.

Útgönguleiðir: Velja skal auðveldustu útgönguleiðina á hverjum stað.

Útgönguleiðir:

- Aðalinngangur
- Dyr í vestur uppi á senu
- Dyr í austur í smíðastofu (þar eru gaskútar sem ber að varast)
- Dyr úr búningssklefum að sundlaug
- Dyr úr þvottahúsi að sundlaug

Flóttaleiðir:

- Neyðarútgangur úr íþróttasal í norð-austur-horni
- Í neyð skal brjóta glugga t.d. með stólum til að komast út.

Slökkvitæki:

- Í eldhúsi
- Í smíðastofu

Brunaslöngur:

- Á vegg niðri á holi í kjallara